


AUGLÝSING

um staðfestingu félagsmálaráðuneytisins á byggðarmerki Kjalarneshrepps.

Með skírskotun til 4. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986 tilkynnist hér með að félagsmálaráðuneytið hefur í dag staðfest samþykkt hreppsnefndar Kjalarneshrepps frá 19. júní 1991 um byggðarmerki Kjalarneshrepps.

Samþykkt hreppsnefndar Kjalarneshrepps er svohljóðandi:



1. gr.

Skjaldarmerki Kjalarneshrepps skal vera sem hér segir: Merkið er skjöldur með eftirfarandi myndum sem eru táknrænar fyrir Kjalarneshrepp: Haf, himinn, undirlendi (nes) og fjall (Esja). Auk þess mynd af fugli (kríu) sem stendur fyrir fugla- og dýralíf á Kjalarnesi auk þess að vera til fyllingar í merkið.

- Litir í merkinu eru:
1. Undirlendi, himinn og fugl, hvítt
 2. Haf og fjall, blátt (Panton 285)

2. gr.

Notkun á skjaldarmerki Kjalarneshrepps er óheimil án leyfis sveitarstjórnar Kjalarneshrepps, sbr. 37. gr. laga nr. 56/1978. Ekki er heimilt að breyta út frá samþykktri gerð merkisins, sbr. meðfylgjandi teikningu, nema í sérstakri háttíðarútgáfu og í svart-hvítri útgáfu.

3. gr.

Í háttíðarútgáfu merkisins er undirlendi, himinn, og fugl silfrað, en fjall og haf blátt (Panton 285). Háttíðarútgáfu skjaldarmerkisins má aðeins nota þar sem merkið stendur eitt sér, t.d. á fánum, skjöldum og barmmerkjum.

4. gr.

Svart-hvíta útgáfu skjaldarmerkisins má einungis nota við bóka- og blaðaprent og er hún heimil án sérstaks leyfis. Í svart-hvítri útgáfu er blár flötur táknður með láréttum línunum.

Félagsmálaráðuneytið, 16. júlí 1991.

F. h. r.

Húnbogi Þorsteinsson.

Þórhildur Líndal.